



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 140/229
komudagur 17.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 147. mál.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar á ný frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 147. mál á 140. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 11. nóvember 2011.

Eins og fram kemur í bréfi nefndarsviðs er frumvarpið endurflutt frá síðasta löggjafarþingi, með litlum breytingum.

LÍ hefur nokkrum sinnum gefið umsögn um þetta frumvarp, síðast með bréfi dags. 15. apríl 2011. Félagið hefur engu við þá umsögn að bæta.

LÍ áréttar fyrri umsagnir sínar, sem fylgja hjálagðar, og ítrekar andstöðu sína við að frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn verði að lögum í óbreyttri mynd. Þá óskar félagið eftir því að koma á fund velferðarnefndar til að ræða nánar ýmis atriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson, formaður.

Hjálagt: Bréf LÍ dags. 15. apríl 2011 ásamt fylgiskjölum.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. apríl 2011.

Efni: Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 575. mál, stjórnarfrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 575. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 24. mars sl.

Þetta er í þriðja sinn sem LÍ fær frá Alþingi frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn til umsagnar. Áður hefur félagið margsinnis fengið frumvarpið til umsagnar á ýmsum vinnslustigum þess, allt frá árinu 1998.

Allt frá því að LÍ fékk fyrst til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn hefur félagið lagt megináherslu á það að frumvarpið yrði ekki lagt fram, eða a.m.k. að lækna­lög yrðu ekki felld undir rammalöggjöf um heilbrigðisstarfsmenn. Sé það vilji heilbrigðisyfirvalda að setja rammalöggjöf sem nái yfir aðrar heilbrigðisstéttir en lækna þá gerir félagið ekki athugasemd við það. LÍ er andvígt því að lækna­lög verði felld úr gildi og hefur ekki breytt afstöðu sinni hvað þetta varðar. Enda telur félagið engin haldbær rök vera fyrir því að endurskoða þurfi eða fella beri niður lækna­lög nr. 53/1988 með síðari breytingum.

LÍ leyfir sér því að vísa til fyrri umsagna sinna til Alþingis frá 13. ágúst 2009, 13. ágúst 2010 og 27. ágúst 2010.

Í umsögn sinni frá 27. ágúst 2010 óskaði LÍ eftir því að núverandi lækna­lögum yrði sem sérstökum kafla bætt inn í frumvarpið þannig að í því verði afmarkaður kafli um lækna. Ef heilbrigðisnefnd Alþingis gæti ekki fallist á þá tillögu LÍ óskaði félagið eftir því að gerðar yrðu breytingar á 8., 10., 11., 13., 20., 23. og 24. gr. frumvarpsins.

Skoðun á því frumvarpi sem nú liggur fyrir leiðir eftirfarandi í ljós varðandi afdrif breytingatillagna félagsins:

1. Lagt var til að við 8. gr. bættist málsgrein um það að áður en sérfræðileyfi í lækna­fræði yrði veitt skyldi leita umsagnar nefndar skipaðrar af ráðherra sem í eiga sæti einn fulltrúi frá LÍ og tveir fulltrúar frá lækna­deild Háskóla Íslands. **Ekki hefur verið tekið tillit til tillögu félagsins en búið er þó að setja heimildar­ákvæði í 5. gr. frumvarpsins um að það megi skipa sérstakar mats- og umsagnarnefndir til að meta umsagnir um sérfræðileyfi.**
2. Lagt var til að við 10. gr. bættust tvær málsgreinar. Annars vegar um það að einungis þeir sem hafa lækningaleyfi megi ávísa lyfjum. Hins vegar málsgrein um skottlækningar. **Ekki hefur verið tekið tillit til tillögu félagsins.**
3. Lögð var til ný málsgrein sem kæmi í stað 4. og 5. mgr. 11. gr. um aðstoð og leiðsögn til þeirra sem starfa með tímabundið starfsleyfi. **Ekki hefur verið tekið tillit til tillögu félagsins.**
4. Lögð var til breyting á 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins þannig að þar kæmi fram að lækna­r gætu hér eftir sem hingað til notið aðstoðar annars eilbrigðisstarfsfólks sem starfaði þá á ábyrgð lækna. **Ekki hefur verið tekið tillit til tillögu félagsins.**

5. Lögð var til breyting á 20. gr. frumvarpsins í þá veru að lyfjaávisanir væru bundnar við þá sem hefðu lækningaleyfi. **Ekki hefur verið tekið tillit til tillögu félagsins.**
6. Lögð var til orðalagsbreyting á 23. gr. frumvarpsins sem fjallar um hófsemi við heilbrigðisþjónustu. **Ekki hefur verið tekið tillit til tillögu félagsins.**
7. Lagt var til nýtt og ítarlegt orðalag á 24. gr. frumvarpsins um kynningu og auglýsingar. **Ekki hefur verið tekið tillit til tillögu félagsins.**


Þó Lí hafi bent á margvíslegar breytingar sem það telji að gera þurfi á frumvarpinu hefur nánast í engu verið horft til þeirra breytinga, hvað þá verið tekið tillit til þeirra og þær færðar inn í nýja útgáfu frumvarpsins. Er það umhugsunarefni, ekki síst í ljósi þess að í almennum athugasemdum með frumvarpinu er dregið fram að það byggji að stofni til á ákvæðum læknalaga enda sé tilvísun til læknalaga í flestum lögum og reglugerðum um heilbrigðisstéttir. Vandséð er því af hverju uppsetning frumvarpsins getur ekki verið með þeim hætti sem Lí hefur lagt til, að kafla verði um lækna og störf þeirra og síðan í öðrum kafla fjallað um aðra heilbrigðisstarfsmenn og vísað til kafla laganna um lækna eftir því sem við á um aðrar stéttir heilbrigðisstarfsmanna.

Lí telur athygli vert að sú breyting hefur verið gerð á frumvarpinu, frá því að það var síðast lagt fram á Alþingi, að hætt er við áform um að ný heilbrigðisstétt geti aldrei orðið til nema með lögum. Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerðum haldið áfram að fjölga heilbrigðisstéttum. Er þessi breyting í beinni andstöðu við upphaflegan tilgang rammalöggjafar um heilbrigðisstarfsmenn og dregur verulega úr þeirri þörf sem talin var á því að setja rammalöggjöf af þessu tagi.

Áður hefur verið bent á það í umsögnum Lí að félagið telur að völd ráðherra varðandi heilbrigðisstarfsmenn séu með frumvarpinu gerð of mikil. Reglugerðarheimildir ráðherra eru víðtækar, svo mjög að full ástæða er til að ætla að með þeim sé löggjafinn í raun að framselja hluta af löggjafarvaldi sínu hvað heilbrigðisstarfsmenn varðar til ráðherra.

Lí áréttar fyrri umsagnir sínar, sem fylgja hjálagðar, og ítrekar andstöðu sína við að frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn verði að lögum í óbreyttri mynd. Þá óskar félagið eftir því að koma á fund heilbrigðisnefndar til að ræða nánar ýmis atriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands



Birna Jónsdóttir,
formaður.

Hjálagt:

Bréf Lí dags. 13. ágúst 2009.

Bréf Lí dags. 13. ágúst 2010.

Bréf Lí dags. 27. ágúst 2010.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðinefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 13. ágúst 2009

Efni: Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Læknafélag Íslands þakkar fyrir að fá frumvarp þetta til umsagnar. Þetta er í þriðja sinn á sl. 11 árum að félagið fær frumvarpið til umfjöllunar. Í fyrsta skiptið árið 1998, gerði félagið ýmsar athugasemdir, en lagði til í höfuðdráttum, að frumvarpið yrði ekki lagt fram. Sagði í umsögn félagsins að:

“Í gildandi læknaöllum kemur sérstaða læknis, skyldur hans, ábyrgð og réttindi greinilega fram. Stjórn Læknafélags Íslands telur þetta ekki koma nægjanlega fram í frumvarpi til laga um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna og frumvarpið í núverandi mynd sé því afturför frá því sem verið hefur. ... Frumvarpið rýrir möguleika lækna til að mæla fyrir um og skipuleggja bestu meðferð fyrir sjúklinga. Samkvæmt frumvarpinu dreifist ábyrgð á meðferð sjúklinga á allar heilbrigðisstéttir og verður óskýr. Stjórn L.Í. telur því að ekki beri að leggja það fram.”

Í umsögn félagsins-árið 2002 sagði m.a.:

„Stjórn LÍ tekur undir þessi sjónarmið, sem fram komu 1998. Læknaölg hafa sannað gagn sitt frá því þau voru sett fyrir rúmri hálfri öld. Þau hafa staðist tímans tönn enda verið endurskoðuð reglulega með þarfir og breytingar þjóðfélagsins í huga. Hefur það að jafnaði gerst í góðri samvinnu við lækna og jafnvel undir þeirra forystu. Löggin hafa komið almenningi, heilbrigðisstjórninni og læknum vel. Þau hafa markað læknum sérstöðu, sem er nauðsynleg þeim til að hafa forystu um greiningu og meðferð sjúkdómanna eins og til er ætlast. Þau hafa kveðið skýrt á um ábyrgð þeirra og skyldur og um takmarkanir annarra og ólærðra til að gefa sig að lækningum.

Læknafélag Íslands lýsir sig andvíg því, að Læknaölg verði úr gildi felld. LÍ vill ekki fetta fingur út í það, ef lagabætur vegna annarra heilbrigðisstétta teljast nauðsynlegar. Engin brýn nauðsyn sýnist hins vegar til þess að endurskoða eða fella niður Læknaölg í því skyni. Hið er mun líklegra við samsuðu af því tagi, sem ráðuneytið hyggst gera tillögu um, að hún leiði til útpynningar á lögum um lækna og með því verði þau óskýrari og torræðnari en áður. Reynslan kennir, að það einfaldar ekki alltaf hlutina að fækka lögum og reglugerðum. Það er skoðun Læknafélags Íslands, að í þessu tilvikinu muni það leiða til hins gagnstæða.

Sýnist [ráðuneytinu] stefna í öfni með fjölda löggiltra heilbrigðisstétta, má benda á, að einn lagabálkur fyrir alla heilbrigðisstarfsmenn er ólíklegur til að draga úr vanda ráðuneytisins í þeim efnum. Hið er mun líklegra, að stíflur bresti vegna löggildingar heilbrigðisstarfsmanna, þannig að vandinn muni frekar aukast en minnka. Í þessu ljósi væri mun vænlegra að mati LÍ að endurskoða lög um heilbrigðisstéttir með fækkun þeirra í huga í stað þeirrar leiðar, sem ráðuneytið hefur valið að sinni.“

Stjórn Læknafélags Íslands hefur ekki skipt um skoðun síðan fyrri tvær umsagnirnar voru gefnar. Þvert á móti hefur félagið styrkst í þeirri trú að varhugavert sé út frá hagsmunum sjúklinga að fella sérstök lög um lækna niður. Í því sambandi má vitna til vinnu Ameríska læknafélagsins, en með umsögn þessari fylgir samantekt um verkefni sem það félag hefur verið að vinna.

Í greinargerð Ameríska félagsins kemur m.a. fram að á hverju ári sé umtalsvert um „lobbýisma“ annarra stétta en lækna í því skyni að fá útlíkkun á starfsheimildum sínum. Vissulega geti þetta í



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

sumum tilvikum verið réttmætt en ekki í öðrum. Heilsu og öryggi sjúklínga sé ógnað þegar öðrum en læknum er heimilað að veita þjónustu sem þeir hafa ekki fengið menntun eða þjálfun til að veita.

Fram kemur að sjúklíngar í dag eigi ekki alltaf gott með að átta sig á gangverki heilbrigðiskerfisins og þá ekki síst þegar kemur að verkaskiptingu heilbrigðisstarfsfólks. Því getur verið varhugavert að þynna út læknishugtakið út frá hagsmunum sjúklínga.

Að svo stöddu gerir félagið eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar:

23. gr. :


Grein þessi þarfnast nánari skoðunar. Við fyrstu sýn er amk tvennt að athuga. Í fyrsta lagi má velta því fyrir sér hvort með greininni sé vegið að starfsheiðri heilbrigðisstétta því hægur vandi er að lesa greinina með þeim hætti að með henni sé verið að leitast við að heilbrigðisstarfsmenn hætti að valda greiðendum og notendum heilbrigðisþjónustu óþarfa útgjöldum eða óþægindum. Eða með öðrum orðum að það sé viðurkennt að heilbrigðisstarfsmenn valdi greiðendum og notendum heilbrigðisþjónustu óþarfa útgjöldum og óþægindum og gegn því þurfi að spyrna við fótum. Í þessu samhengi má nefna að í siðareglum lækna er kveðið sérstaklega á um að lækna skuli gæta ytrustu varkárni við ávísun lyfja og að við ákvarðanir skuli þeir taka tillit til fjárhags sjúklíngs og samfélags. Í öðru lagi – ef greinin á að standa áfram- vantar skilgreiningu á því hvað teljist óþarfa útgjöld eða óþægindi. Hætt er við að þrætugjarnir sjái sér leik á borði með ákvæði sem þetta – sem helst minnir á opinn víxil – og láti að óþörfu reyna á mögulegan bótarétt sinn.

24.gr.:

Læknafélagið tekur undir að létt verði á þeim hömlum um auglýsingar sem nú eru í gildi og er samþykkt framsetningu ákvæðisins.

Að lokum er rétt að geta þess að félaginu þykir ráðherra falið mikið vald um það hvernig lögin verða framkvæmd því fyrir utan almenna reglugerðarheimild í 30. gr. eru amk 9 aðrar reglugerðarheimildir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands


Birna Jónsdóttir, formaður



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Kópavogi 13. ágúst 2010

Efni: Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Stjórn Læknafélags Íslands vill ítreka þá skoðun sína við Heilbrigðisnefnd Alþingis að hún telji varhugavert út frá hagsmunum sjúklinga að fella sérstök lög um lækna úr gildi. Læknaög kveða nú skýrt á um ábyrgð læknis, skyldur hans, sérstöðu og réttindi og vill félagið leggja ríka áherslu á mikilvægi þeirrar skilgreiningar.

Hvað varðar 24. grein frumvarpsins sem fjallar upplýsingar um þjónustu heilbrigðisstarfsmanna þá vill stjórn LÍ benda á 3. kafla í siðareglum lækna (Codex Ethicus):

III. Kafla

Um auglýsingar lækna, vefsíður og fjölmiðla.

16. gr.

Lækni hlýðir að birta nýjungar í fræðigreini sinni með mikilli gát, hann skal gæta fyllstu varkárni í ummælum um fagleg mál og hann skal íhuga ábyrgð sína í því efni, hvort sem hann ræðir við einstakling eða á opinberum vettvangi.

17. gr.

Læknir skal tryggja, þegar fjölmiðlar leita til hans, að ekki sé annað eftir honum haft en það, sem hann telur sér sambodíð að efni og formi.

18. gr.

Læknir má auglýsa starfsemi sína að því marki, sem landslög leyfa.

Við kynningu á læknishjónustu skal veita nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar og hafa öryggi þeirra að leiðarljósi sem leita eftir



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICBLANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Þjónustunni. Kynni læknir sjálfan sig og starfsemi sína á vefsíðum eða með öðrum hætti skal hann birta síðareglur lækna með aðgengilegum hætti.

19.gr.

Læknir má ekki gefa fyrirheit um undralækningar né heldur gefa í skyn, að honum séu kunn lyf eða lækningaaðferðir, sem ekki séu á vitorði lækna almennnt. Læknir skal og forðast ummæli, sem geti skapað óþarfan eða óréttlæt看anlegan ótta við sjúkdóma eða örökstudda vantrú á læknisstarfi.

20.gr.

Lækni er ósæmandi að velja á sér ótilhlýðilega athygli eða gefa í skyn yfirburði sína yfir aðra lækna með því að hampa eða láta hampa menntun sinni, þekkingu, hæfni, afrekum, aðferðum eða vinsældum, hvort heldur er í auglýsingum, á vefsíðum, í viðtölum, blaðagreinum, ritgerðum, fyrirlestrum, útvarpserindum, sjónvarpi eða á annan hátt.

Læknir má ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, og aflla sér viðskipta með öðrum ótilhlýðilegum aðferðum.

21.gr.

Læknir má ekki leyfa notkun á lærdómstitli sínum í auglýsingum um lyf, sjúkravörur eða neinn þann varning, sem talinn er lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni.

Læknir skal gæta þess í ræðu og riti að haga umfjöllun sinni um lyf og sjúkravörur með þeim hætti að hún verði ekki álitin fela í sér auglýsingu. Ummæli læknis um lyf eða sjúkravörur í faglegu samhengi, í greinum eða fyrirlestrum, teljast ekki auglýsingar, enda sé þar ekki ágóðavon fyrir læknum.

Að örðu leyti vísar Læknafélagið til fyrri umsagna um ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir, formaður



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Kópavogi 27. ágúst 2010

Efni: Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Stjórn Læknafélags Íslands vill ítreka þá skoðun sína við Heilbrigðisnefnd Alþingis að hún telji varhugavert út frá hagsmunum sjúklinga að fella sérstök lög um lækna úr gildi. Læknalög kveða nú skýrt á um ábyrgð læknis, skyldur hans, sérstöðu og réttindi og vill félagið leggja ríka áherslu á mikilvægi þeirrar skilgreiningar.

Fyrsta ósk Læknafélagsins er því sú að núverandi læknalögum verði bætt inn í lagafrumvarpið sem sérstökum kafla.

Sé ekki meirihluti nefndarmanna fylgjandi því þá leggur Læknafélagið fram tillögur um breytingar á 7 greinum núverandi frumvarps, þ.e. í 8.gr., 10.gr., 11.gr., 13.gr., 20.gr., 23.gr. og 24.gr.

8. gr.

Skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis.

Ráðherra getur kveðið á um löggildingu sérfræðigreina innan löggiltrar heilbrigðisstéttar með reglugerð, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun hér á landi. Við löggildingu nýrra sérfræðigreina skal einkum litið til hagsmuna sjúklinga.

Í reglugerð um veitingu sérfræðileyfis skal kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta leyfi til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi. Miðað skal við að lokið hafi verið formlegu viðbótarnámi á viðkomandi sérfræðisviði. Í reglugerð skal m.a. kveðið á um það sérfræðinám sem krafist er til að hljóta sérfræðileyfi og um starfsþjálfun, sé gerð krafa um hana. Enn fremur skal kveðið á um í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um sérfræðinám.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Áður en sérfræðileysi í læknisfræði skv. 7.gr. er veitt skal leita umsagnar ...¹⁾ nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sætt einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Við setningu reglugerða skv. 1. mgr. skal gætt skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, stofnsamningi Fríværslunarsamtaka Evrópu eða á grundvelli annarra gagnkvæmra samninga, sbr. 29. gr.

10. gr.

Óheimil notkun starfsheitis.

Þeim sem ekki hefur fengið til þess leyfi landlæknis er óheimilt að nota löggilt starfsheiti eða starfa sem slíkur. Honum er jafnframt óheimilt að veita sjúklingi meðferð sem fellur undir lögverndað starfssvið löggiltrar heilbrigðisstéttar, gefa læknisfræðilegar eða aðrar faglegar ráðleggingar.

Einungis þeir sem hafa lækningaleyfi mega ávísa lyffjum.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi. Það eru skottulækningar er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.

11. gr.

Tímabundið starfsleyfi.

Landlæknir má, ef nauðsyn krefur, veita þeim sem lokið hafa a.m.k. 2/3 hlutum fullgilds náms í tiltekinni grein heilbrigðisfræða tímabundið starfsleyfi til að sinna tilteknum störfum í heilbrigðisþjónustu enda uppfylli viðkomandi önnur skilyrði laga þessara.

Landlækni er heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með erlent nám eða próf, sem er viðurkennt samkvæmt samningum sbr. 29. gr. en uppfyllir ekki kröfur hér á landi.

Landlækni er enn fremur heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með erlent próf eða nám frá ríki þar sem ekki er í gildi samningur um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina.

Sá sem starfar með slíkt tímabundið leyfi skal njóta aðstoðar og leiðsagnar heilbrigðisstarfsmanns sömu stéttar með fullgild starfsleyfi.

Handhafi tímabundins starfsleyfis skal starfa undir stjórn og eftirliti heilbrigðisstarfsmanns sem hefur ótímabundið starfsleyfi í viðkomandi grein heilbrigðisfræða.

Vilja má frá ákvæði 4. mgr. telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.

Nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis skal setja með reglugerð.

Forn



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

13. gr.

Faglegar kröfur.

Heilbrigðisstarfsmaður skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Heilbrigðisstarfsmanni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og faglegrí færni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma.

Læknir getur við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Starfar það þá á ábyrgð læknis.

Heilbrigðisstarfsmaður ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita. Um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

Heilbrigðisstarfsmaður skal virða faglegar takmarkanir sínar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns ef ætla má að hann sé hæfari til að veita honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Ráðherra er heimilt að kveða á um endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna í reglugerð.

20. gr.

Um lyfjaávisanir og lyfjakaup.

Um lyfjaávisanir þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem hafa lækningaleyfi og heimild til kaupa í heilidsölu á tilteknum nauðsynlegum lyfjum til reksturs starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns fer samkvæmt lyfjalögum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

23. gr.

Hófsemi.

Heilbrigðisstarfsmanni er óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni heilbrigðisstarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu gæta þess við veitingu heilbrigðisþjónustu og framkvæmd starfa sinna að sjúklingar, sjúkratryggingar eða aðrir sem standa straum af kostnaði vegna hennar verði ekki fyrir óþarfa útgjöldum eða óþægindum.

24. gr.

Kynning og auglýsingar.

Heilbrigðisstarfsmaður hlýðir að hirta nýjungar í fræðigreini sinni með mikilli gát, hann skal gæta fyllstu varkárni í ummælum um fagleg mál og hann skal ihuga ábyrgð sína í því efni, hvort sem hann ræðir við einstakling eða á opinberum vettvangi.

Heilbrigðisstarfsmaður skal tryggja, þegar fjölmiðlar leita til hans, að ekki sé annað eftir honum haft en það, sem hann telur sér samboðið að efni og formi.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Við kynningu á heilbrigðisþjónustu skal veita nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar og hafa öryggi þeirra að leiðarljósi sem leita eftir þjónustunni. Kynni heilbrigðisstarfsmaður sjálfan sig og starfssemi sína á vefsíðum eða með öðrum hætti skal hann birta siðareglur sínar með aðgengilegum hætti.

Heilbrigðisstarfsmaður má ekki gefa fyrirheit um undratækningar né heldur gefa í skyn, að honum séu kunn lyf eða lækningaaðferðir, sem ekki séu á vitorði heilbrigðisstarfsmanna almenns. Heilbrigðisstarfsmaður skal og forðast ummæli, sem geti skapað óþarfan eða óréttlæt看anlegan ótta við sjúkdóma eða örökstudda vantrú á læknisstarfi.

Heilbrigðisstarfsmanni er ósæmandi að vekja á sér ótilhlýðilega athygli eða gefa í skyn yfirhurði sína yfir aðra heilbrigðisstarfsmenn með því að hampa eða láta hampa menntun sinni, þekkingu, hæfni, afrekum, aðferðum eða vinsældum, hvort heldur er í auglýsingum, á vefsíðum, í viðtölum, bládagreinum, rúgerðum, fyrirlestrum, útvarpserindum, sjónvarpi eða á annan hátt.

Heilbrigðisstarfsmaður má ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, og afla sér viðskipta með öðrum ótilhlýðilegum aðferðum.

Heilbrigðisstarfsmaður má ekki leyfa notkun á lærdómstítli sínum í auglýsingum um lyf, sjúkravörur eða neinn þann varning, sem talinn er lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni.

Heilbrigðisstarfsmaður skal gæta þess í ræðu og riti að haga umfjöllun sinni um lyf og sjúkravörur með þeim hætti að hún verði ekki álitin fela í sér auglýsingu. Ummæli heilbrigðisstarfsmanns um lyf eða sjúkravörur í faglegu samhengi, í greinum eða fyrirlestrum, teljast ekki auglýsingar, enda fela þau ekki í sér ágóðavon.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir, formaður